

## MINNISBLAÐ

Til: samgöngunefndar Alþingis  
Frá: Siglingastofnun Íslands  
Dags.: 4. desember 2002-12-04  
Efni: Frv. til laga vegna þurrleiguskráningar fiskiskipa.

Á fundi samgöngunefndar með fulltrúum Siglingastofnunar óskaði samgöngunefnd Alþingis svara við eftirfarandi spurningum:

**1) Er þurrleiguskráning komin á í Noregi? Af hverju ekki og hver eru sjónarmið útgerðarinnar þar.**

Ekki er að finna ákvæði í lögum um skráningu skipa í Noregi he imild til þurrleiguskráningar fiskiskipa. Hvernig skráningu skipa er háttáð í Noregi má jafnframt fá upplýsingar í leiðbeiningum. Talaði við Audun hjá Samtökum útgerða í Noregi (47-70101460). Hann sagði að þessi leið hafi ekki verið farin í Noregi fyrst og fremst vegna fjárhagsatriða vegna samþykkis veðhafa.

**2) Eru sjóveðskröfur tryggðar?**

Í frumvarpinu er miðað við skilyrði þurrleiguskráningar sé að skriflegt samþykki veðhafa liggja fyrir þurrleiguskráningunni, f-liður 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Ef forsendur heimildar til þurrleiguskráningar eru brostnar að mati Siglingastofnunar fellur þurrleiguskráning niður.

Í ákvæðinu er talað um "veðhafa", en í því sambandi voru fyrst og fremst hafðir í huga sanningsveðhafar. Ýmsar kröfur njóta lögveðs í skipum, t.d. hafnagöld, gjöld til Siglingastofnunar, skipagjald, iðgjöld sjómanna og útgerðarmanna, þróunarsjóðsgjald og sektir vegna brota á fiskveiðilöggjöfinni og lögum um varnir gegn mengun sjávar. Með þessu ákvæði voru fyrst og fremst hafðir í huga sanningsveðhafar.

Ef menn vilja áréttta að lögveðskröfur falli þarna undir er rétt að breyta textanum með tilliti til þess.

**3) Óskað var upplýsinga um hvernig þurrleiguskráning hefur virkað í Færeyjum - hvað margir bátar og hver er afstaða samtaka sjómanna þar.**

Talaði við Mía Krag hjá færeysku skipaskránni (fisk.fo 98-313669); hún segir að þessi heimild hafi verið í lögum i nokkur ár í Færeyjum, nokkur dæmi þess að skip hafi verið leigð til Póllands. S agðist ekki v ita t il þ ess að þ etta ha fi s kapað v andamál, a flað s é samþykkis veðhafa áður og áhafnir hafi verið blandaðar.

Talaði við Óla Jakobssen hjá færeysku sjómannasamtökunum (Föreyja Fiskimannafelag 298-311569) sagði að þeirra samtök litu þetta jákvæðum augum, nokkur dæmi um að þetta hafi verið nýtt, einkum þ á að skip ha fi verið leigð til Póllands og þau veitt úr pólskum kvóta í norskri lögsögu. Yfirleitt hafi skipverjar verið færeyskir og ráðnir á færeyskum kjörum. Hann sagði sín samtök líta á þetta jákvæðum augum og þessi möguleiki opni aukin atvinnufæri fyrir færeyska sjómenn.

Maskinmeistarafelag Færeyja (mf.fo - Sigurdur 298-314718)  
Félag útgerðarmanna (Jögvun - 298-311800)